



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Útboð 16240 Elliðaárdalur – Stígur í stað stokks

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 27. janúar 2026 og skiluðu 3 fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst innanlands.

Um heildarsamningsfjárhæð er að ræða. Verkið er samstarfsverkefni með Veitum ohf. Áætluð verklok eru 1. desember 2026.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Ístaks hf. að fjárhæð 397.055.659 kr. með vsk. Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Fundargerð opnunarfundar